OPIÐ BRÉF

1
1. febr.

um

að hans konunglega tign H a r a l d u r, Íslands prinz og Danmerkur, sé settur ríkisstjóri.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

G j ö r u m k u n n u g t : Þareð Vér höfum í hyggju að ferðast til útlanda og með því að hans konunglega tign ríkisarfi þá um leið dvelur erlendis, setjum Vér ríkisstjóra, samkvæmt 1. gr. í lögum 11. febrúar 1871, um ríkisstjórn, er svo stendur á, að konungur er ekki orðinn fulltíða, eða er sjúkur eða fjarverandi, sbr. 3. gr. dansk-íslenzkra sambandslaga, bróður Vorn elskulegan, hans konunglegu tign prinz H a r a l d Christian Frederik, og hefir hann ríkisstjórn á hendi í Voru nafni frá þessum degi, þangað til Vér komum heim aftur.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur að sér að hegða.

Gjört á Amalíuborg, 1. febrúar 1930.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.

Reykjavík, Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.